



eurodesk

VINNA Í EVRÓPU

Bæklingur fyrir ungt fólk sem langar að vinna erlendis og upplifa eitthvað nýtt

YFIRLIT

Höfundar

Gefið út af Eurodesk Brussels Link.

Ritstjórar:

Audrey Frith
Grazia Cannarsa



Hönnuður:

Mónica Delgado



Meðhöfundur:

Zsolt Marton

Þýðandi:

Miriam Petra Ómarsdóttir Awad



Sérstakar þakkir til Eurodesk France
fyrir innblásturinn að þessum bæklingi.

Höfundaréttur Eurodesk 2021.

Myndir:

(Forsíða og bls. 21) Anna-Shvets / Pexels
Element5 digital (bls. 4), Canva Studio (bls. 4) Natasha Kasim (bls. 5), RFstudio (bls. 7) Pexels /
Myleon (bls. 8), Brooke Cagle (bls. 9), Thomas-Grillmair (bls.9), Zoe Schaeffer (bls. 9) Unsplash. Stefan
Stefancik (bls. 10) Unsplash, Tim Douglas (bls. 11) Pexels, Andrea Piacquadio (bls. 11, bls. 16) Pexels
Annie Spratt (bls. 11) Unsplash, Samson Katt (bls. 12) Pexels, Ketan Rajput (bls. 13) Unsplash. Natasha
Ivanchikhina (bls. 13) Priscilla Du Preez (bls. 13, bls. 21, bls. 23), Andre Moura (bls.14), Mael Balland
(bls.16), Keira Burton (bls. 18, bls. 20), Karolina Grabowska (bls.19), Natasha Hall (bls. 21), Daniel
Thomas (bls. 22).

1

Um útgáfuna - 4

2

Um Eurodesk - 4

3

Sjáðu öll tækifærin sem bíða þín þarna úti - 5

- Skilgreindu þín markmið - 5

- Stuðningur & upplýsingar - 5

 - » Evrópskar upplýsingaþjónustur - 6

 - » Leitarvélar - 6

- Finndu alla möguleikana - 7

 - » Fullt starf - 7

 - » Árstíðabundin vinna - 9

 - » Starfsnám - 10

 - » Vinnuskipti + Au pair - 12

4

Vinumarkaðurinn í Evrópu: ólíkar aðstæður - 14

- Tungumál - 14

- Ólík lönd: Nokkur atriði til að hafa í huga - 15

5

Undirbúningur - 18

- Góð ráð til að skrifa ferilskrá - 18

- Gullnar reglur þegar sótt er um störf - 19

- Allt þetta undirbúningsdót sem þarf að plana fram í tímann - 22



Það er freistandi að fara til
útlanda að vinna en veistu ekki
alveg hvar þú átt að byrja? Þessi
bæklingur er handa þér! Í
honum er fjallað um
mismunandi möguleika sem
geta gert þér kleift að vinna
erlendis.



UM ÞENNAN BÆKLING

Þú getur unnið og búið hvar sem er í Evrópu án þess að þurfa atvinnuleyfi, þökk sé þátttöku Íslands í evrópska efnahagssvæðinu. Frjáls hreyfing vinnuafls er ein af undirstöðuatriðum evrópskrar samvinnu. Það þýðir að þú getur orðið sjálfbóðaliði á Kýpur, unnið á hóteli á Spáni eða á skíðasvæði í Búlgaríu.

Í dag búa eða starfa u.þ.b. 17 milljónir evrópskra borgara utan heimalandsins. Ástæður þeirra eru fjölbreyttar, sum eru að leita að betri atvinnutækifærum, nýjum ævintýrum eða að vera nærri ástvinum. Hver svo sem ástæðan er getur búseta erlendis haft góð áhrif á atvinnumöguleika þína og þroska. Flestir atvinnurekendur meta alþjóðlega reynslu mikils!

UM EURODESK

Eurodesk er evrópskt upplýsinganet fyrir ungt fólk sem var stofnað árið 1990. Eurodesk er stuðningur við Erasmus+ og gerir upplýsingar um tækifæri erlendis skiljanlegar og aðgengilegar fyrir ungt fólk og þau sem starfa með þeim.

Eurodesk er til staðar í 36 löndum Evrópu, með 38 Eurodesk miðstöðvar sem tengjast yfir 1600 staðbundnum upplýsingamiðstöðvum. Eurodesk er því vel í stakk búið til að vekja athygli á tækifærum ungs fólks um alla álfuna og hvetja það til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu.



SIÁÐU

ÖLL TÆKIFÆRIN SEM BÍÐA ÞÍN ÞARNA ÚTI

SKILGREINDU ÞÍN MARKMIÐ



Að fara erlendis að vinna er getur verið krefjandi. Taktu þér smá stund og veltu fyrir þér markmiðum þínum og ástæðum með því að svara þessum spurningum. Hvernig þú svarar getur hjálpað þér að skipuleggja ævintýrið!

- ☐ Af hverju? Hvaða tækifæri / hindranir eru til staðar?
- ☐ Hvenær og hve lengi?
- ☐ Hvaða land (menning, tungumál, vinnumarkaður)?
- ☐ Hver eru markmið þín fyrir og eftir dvölinni (betri atvinnutækifæri, árs frí frá skóla)?
- ☐ Hvað skiptir þig mestu máli (græða pening, þróa færni, uppgötva nýtt land o.s.frv.)?
- ☐ Hverjir eru styrkleikar þínir, hæfni og tungumálafærni?

STUÐNINGUR & UPPLÝSINGAR

Ef þú ert að íhuga að fara erlendis að vinna eru mörg fyrirtæki sem hafa það að markmiði að aðstoða við að skipuleggja ferðina út, finna starf og húsnæði. Þetta getur þó kostað sitt og það er gott að vera viss um að slíkum fyrirtækjum sé treystandi, áður en farið er út. Þetta er auðveld leið en alls ekki sú eina!

Við mælum með að fá ókeypis ráðgjöf frá sérhæfðum aðilum á vegum yfirvalda í þínu nærsamfélagi. Þetta gætu t.d. verið alþjóðaskrifstofur, Eurodesk eða EURES. Þau ættu að geta beint þér í rétta átt. Í sumum tilfellum gætir þú meira að segja átt rétt á styrk til að fara út að taka þátt í verkefnum sem þú hefur áhuga á!



EVROPSKAR UPPLÝSINGA- ÞJÓNUSTUR

EURES

EURES er evrópskt samstarfsnet atvinnumiðlana sem hafa það að markmiði að auðvelda frjálst flæði vinnuafls. Samstarfsnetið tryggir að Evrópubúar geti gengið að sömu tækifærum þrátt fyrir mismunandi tungumál og menningu, skrifinnsku, fjölbreytta atvinnulöggjöf og skort á viðurkenningu menntunar þvert á lönd.

<https://ec.europa.eu/eures> ➡

EUROGUIDANCE

Euroguidance er evrópskt samstarfsnet upplýsingaveita fyrir náms- og starfsráðgjafa í 34 Evrópulöndum. Helsti markhópur þess eru náms- og starfsráðgjafar í mennta- og atvinnulífinu. Til eru t.d. sérfræðingar sem veita upplýsingar og ráðgjöf um alþjóðleg tækifæri til náms og þjálfunar erlendis. Athugaðu hver er tengiliður Euroguidance á Íslandi.

<https://www.euroguidance.eu> ➡

EURODESK

Eurodesk er evrópskt upplýsinganet fyrir ungt fólk sem vekur athygli á tækifærum í Evrópu og hvetur ungt fólk til að gerast virkir þátttakendur í samfélaginu. Eurodesk hefur á sínum snærum yfir 1600 staðbundnar upplýsingaveitur, svokallaða „multipliers“, sem eru svæðisbundin samtök sem vinna með ungu fólki, veita þeim viðeigandi upplýsingar og gefa ráð um tækifæri erlendis og innanlands.

Skoðaðu kortið til að finna okkur:
<https://map.eurodesk.eu> ➡



LEITARVÉLAR



1. EURES Leitarvélín –

Þar finnur þú störf, staðbundnar upplýsingar og starfakynningar, ásamt góðum ráðum um að finna vinnu erlendis.



2. Evrópska ungmenngáttin - Þar finnur þú upplýsingar um tækifæri í tilteknu landi eða Evrópu almennt. Þessum tækifærum er sérstaklega beint að ungu fólki sem býr, stundar nám eða vinnur í Evrópu.



3. Your Europe – Þar finnur þú allar upplýsingar sem þú þarft um þín réttindi og skyldur þegar þú býrð í öðru landi. Hvort sem þú ert í námi, að vinna eða enn að leita að starfi þá er ýmislegt sem þú gætir þurft að gera öðruvísi þegar þú flytur til nýs lands.



Það eru fjölmargir mismunandi möguleikar til að vinna erlendis. Fyrir hvern möguleika geta verið ólíkar leiðir til að nálgast upplýsingar og góð ráð.



FULLT STARF

Ef þú ert að leita að starfi erlendis þá eru til sérhæfðar alþjóðlegar heimasíður sem eru með þekkingu á öðrum löndum og heimsálfum. Kíktu á þessar heimasíður fyrir það land sem þú hefur áhuga á, eða notaðu uppáhalds leitarvélinu þína til að leita að störfum á tungumáli landsins sem þig langar til.

Framkvæmdastjórn ESB hvetur til hreyfanleika. Á vefgátt EURES finnurðu allar upplýsingar sem þú þarft, t.d. atvinnuauðgýsingar, upplýsingar um löndin sjálf, góð ráð til að undirbúa sig og starfsráðgjöf. Núna eru yfir 2 milljónir starfa auglýst á vefnum!

GAGNLEGIR HLEKKIR:

4. Starfadarar í Evrópu




5. Að finna vinnu í Evrópu, leiðbeiningar fyrir atvinnuleitendur



Er markmið þitt að vinna í einhverju sérstökum landi?

Gott er að byrja að leita að starfsnámi eða sjálfboðaliðastarfi í landinu til að kynnst því, mynda tengsl og leita svo að starfi á staðnum. Í Eurodesk Opportunity Finder finnurðu upplýsingar um atvinnumöguleika, starfsþjálfun, starfsnám, sjálfboðaliðastörf, nám og fleira.





MARKVISS HREYFANLEIKA- ÆTTLUN EURES (TMS)

Targeted Mobility Scheme

HVAÐ? Evrópuáætlun sem hvetur til hreyfanleika starfsfólks.

HVERS VEGNA? Til að bæta atvinnufærni og fá sérhæfðar tillögur um atvinnumiðlun, tækifæri og stuðning.

FYRIR HVERN? Allir atvinnuleitendur sem eru 18 ára eða eldri frá löndum ESB + Íslandi og Noregi. Ekki er gerð krafa um eitthvað ákveðið menntastig eða færni til að taka þátt.

TIL AÐ FARA HVERT? Til hvaða lands Evrópusambandsins sem er + Íslands og Noregs (á grundvelli EES samnings)

HVE LENGI? Lönnám getur verið í 6 mánuði og starfsþjálfun í 3 mánuði.

ER EINHVER FJÁRHAGSLEGUR STUÐNINGUR Í BOÐI?

Fjárhagslegur stuðningur er misjafn eftir því hvað gert er og til hvaða lands farið er til. Tungumálanám, viðurkenning á réttindum, ferðalög og upphald gætu verið styrkt.

GAGNLEGIR HLEKKIR

1. National contact points:



2. Eures TMS:



2) ÁRSTÍÐABUNDIN VINNA

Eitt það mikilvægasta sem fólk fær út úr því að vinna í fríum er reynsla, sérstaklega þegar það er enn í námi. Jafnvel þótt vinnan sé ekki það sem þú hugsar sem framtíðarstarf, muntu læra grunninn af því sem ætlast er til af fólk og hvernig á að eiga í samskiptum á vinnumarkaðnum. Í rauninni er þetta öðruvísi leið til að fá starfsreynslu og fá borgað fyrir hana, allt út frá hvað hentar hverju sinni og hvað þig langar til að gera.

Vanalega er hægt að finna mikið úrval starfa. Þau geta verið t.d. garðvinna, barnapössun, störf á veitingahúsum, í eldhúsum, verslunum, í strandvörslu, vinna við uppskeru grænmetis og margt fleira. Ólík störf má finna í sumarfríum eða í kringum jólin, og jafnvel má finna möguleika á stuttum ferðum. Hægt er að vinna á hótélum, veitingastöðum, börum eða við að týna ávexti á sumrin. Passið bara að athuga að öll skilyrði séu í lagi og lögleg, áður en farið er af stað.



ÁHUGAVERÐIR HLEKKIR:

3. Árstíðabundin vinna



4. Sumarstörf í Evrópu og út um allan heim



5. Vefgátt EURES



3) STARFSNÁM

Fjölbreyttir möguleikar til að fara í starfsnám erlendis eru í boði. Slík reynsla getur hjálpað þér að bæta persónulega hæfni þína og þekkingu sem er mikils metin í atvinnuleit framtíðarinnar. Þetta er tækifæri til að uppfæra ferilskrána, sjálfstraustið og færni (tungumálakunnáttu, samskipti, menningarlausnir), kynnast nýju fólki og upplifa ævintýri erlendis.

Ef þú ert í námi býður Erasmus+ áætlunin möguleika á að fara í starfsþjálfun eða starfsnám meðan á námi stendur eða rétt eftir útskrift. Þú getur líka sótt um þjálfunarstöður hjá alþjóðlegum stofnunum sem getur verið gott skref í atvinnuferlinum og lykillinn að því að finna framtíðarstarf við hæfi.

ÁHUGAVERÐIR HLEKKIR

1. Starfagátt ESB (EPSO)



2. Starfagátt Sameinuðu þjóðanna



3. Eurodesk Opportunity Finder



4. Erasmus+ starfsnám (ESN)



HVAÐ MEÐ STARFSNÁM HJÁ STOFNUNUM EÐA SAMTÖKUM ERLENDIS?

EFTA, OECD, sendiráð og alþjóðlegar stofnanir eins og Sameinuðu þjóðirnar og UNESCO, bjóða reglulega upp á starfsnám eða þjálfun. Þú gætir þannig fengið mikilvæga reynslu um allan heim! Sum þessara starfa eru launaðar stöður, það fer eftir stofnunum. Nauðsynlegt er að að skoða ráðningaferlana hjá hverri stofnun fyrir sig, þar sem þeir geta verið misjafnir.

ERASMUS+ STARFSNÁM

HVAÐ? Viðurkenndar menntastofnanir geta sent nemendur sína erlendis á námskeið, í starfsnám og þjálfun.

FYRIR HVERN?

– Nemendur í háskólanámi og ákveðnum iðngreinum í framhaldsskólum.
– Nemendur sem hafa nýlega útskrifast.

TIL AÐ FARA HVERT? Þú getur farið til Erasmus+ landanna (Evrópusambandið, Norður-Makedónía, Ísland, Liechtenstein, Noregur, Serbía og Tyrkland).


HVENÆR / HVE LENGI? Frá 2 mánuðum til 12 mánaða (innan við 1 ári eftir útskrift frá evrópskum háskóla eða starfsmenntasviðum framhaldsskóla). Þú getur tekið þátt oft en einu sinni, hvort sem það er sem nemandi eða í starfsnámi, en heildartíminn má ekki verða meiri en 12 mánuðir á hverju námsstigi.

ER FJÁRHAGSLEGUR STUÐNINGUR Í BOÐI?

Styrkupp hæðin veitur á verðlagi landsins sem dvalið er í (í kringum 600 evrur á mánuði + ferðakostnaður). Hægt er að fá viðbótarstyrk fyrir nemendur í aðstæðum sem veita almennt færri tækifæri eða koma úr afskekktum byggðalögum.

HVAR Á AÐ LEITA AÐ

UPPLÝSINGUM Hafðu samband við þinn skóla varðandi umsóknarferlið. Fyrir nánari upplýsingar getur þú haft samband við landskrifstofu Erasmus+ í þínu landi eða Eurodesk á Íslandi.



4 VINNU-SKIPTI



Vinnuskiptaverkefni eru tækifæri til að deila þjónustu með öðrum, öðlast starfsreynslu og eiga þýðingamikla þáðu milli námsstiga fyrir lítinn pening. Athugið að vinnuskipti eru yfirleitt ólaunuð, en þau geta verið frábær tækifæri ef markmið þitt er fyrst og fremst að ferðast um heiminn. Slík verkefni bjóða upp á aðra möguleika, eins og heimgistingu, menningartengslum, að kynnast nýju fólki og öðruvísi lífnaðarháttum. Í flestum tilfellum þarft þú að greiða ferðakostnaðinn þinn en húsnæði og fæði er innifalið, og stundum önnur fríðindi. Þar má nefna ókeypis netaðgang, hestaferðir, kajaksiglingar, reiðhjólaferðir, skoðunarferðir, jóga, enskukennslu o.s.frv. Athugaðu að kynna þér skilyrðin vel áður en þú tekur að þér verkefnið því vinnutími gæti verið mikill í hverri viku.

GAGNLEGIR HLEKKIR:

1. WWOOF



Work Away



3. Anywork Anywhere



4. Mind My House



5. HelpStay



6. Help Exchange



5) AU PAIR



Að vera Au pair felur í sér að passa börn fjölskyldu sem dvalið er hjá en einnig er oft ætlast til að hjálpað sé til við heimilisstörf. Í staðinn fær fólk gistingu með fullu fæði og stundum einhvern vasapening. Þú getur valið hversu löng þú vilt að dvölin sé, nokkrir mánuðir, yfir sumarið, allt upp í ár eða jafnvel lengur. Innifalið eru tryggingar (t.d. sjúkratrygging) en þú munt líklega þurfa að borga ferðakostnaðinn. Mismunandi heimasíður bjóða upp á au pair möguleika. Athugaðu að skoða skilyrðin og skilmálana áður en þú skráir þig!

Au pair er frábær leið til að vinna og öðlast reynslu í öðru landi og læra tungumálið. Það er yfirleitt í boði fyrir fólk á aldrinum 18–30 ára, en það fer eftir verkefnum. Þú getur farið út um allan heim en hvaða lönd eru í boði fer eftir því hvaðan þú kemur og hvaða reglur gilda í löndunum sjálfum um dvöl og atvinnuleyfi.



GAGNLEGIR HLEKKIR:

7. Au Pair World – gagnagrunnur



8. Find Au Pair – tengir saman fjölskyldur og au pair. Veitir einnig upplýsingar um vega-bréfsáritanir og samtök.



9. International Au Pair Association – samtök sem eru virk um allan heim og tengist au pair og áætlunum um menningartengsl.

Fyrir frekari upplýsingar eða ráð getur þú haft samband við Eurodesk í þínu landi: <https://map.eurodesk.eu>





VINNUMARKAÐURINN Í EVRÓPU:

ÓLÍKAR AÐSTÆÐUR

Að búa og starfa erlendis krefst ákveðins undirbúnings. Því meira sem þú undirbýrð þig, því betra. Kynntu þér menningu, tungumál, vinnumarkað og heilbrigðiskerfi landsins. Vandaðu val þitt á landinu sem þú velur fyrir þína starfsreynslu.

TUNGUMÁL



Það verður mun auðveldara fyrir þig að finna starf við hæfi ef þú lærir tungumál landsins eða a.m.k. ensku ef starfið er alþjóðlegt. Önnur starfstækifæri eru í boði jafnvel þótt þú talir ekki málið, svo engar áhyggjur. Hafðu þetta í huga og nýttu tækifærið til að læra nýtt tungumál!

ÆFINGIN SKAPAR MEISTARANN

Áður en þú ferð úr landi, kynntu þér tungumálið eins vel og þú getur. Þú getur t.d. horft á kvikmyndir, hlaðið niður appi o.s.frv. Ef þú vilt frekar læra með öðru fólki þá eru til vefsíður sem tengja þig við fólk til að æfa þig!

Hér eru nokkur dæmi:

www.polyglotclub.com

www.meetup.com

www.memrise.com

www.busuu.com

www.tandem.net

FÁÐU SKÍRTEINI

Skírteini sem staðfestir tungumálakunnáttu getur verið góður bónus fyrir umsóknina þína! Þekktustu prófin eru TOEFL og IELTS fyrir ensku, DELE í spænsku, DELF í frönsku og Goethe-Zertifikat í þýsku. Það eru til fleiri en þessi!



EF ÞÚ TALAR TUNGUMÁLIÐ ALLS EKKI

Það þarf ekki tvítýngi til að þrifa, vinna við uppvask eða ávaxta- og grænmetistinslu. Þar er valið í störf eftir áhuga og líkamlegum burðum. Það er einnig hægt að sækja um störf hjá fyrirtækjum sem gætu nýtt þína tungumálakunnáttu t.d. til að stunda þýðingar eða tungumálakennslu.

ÓLÍK LÖND: NOKKUR ATRIÐI TIL AÐ HAFNA Í HUGA

Passaðu þig að hafa í huga menningarmun milli landa, t.d. þegar kemur að ráðningarferlum, ráðningarsamningum og starfsmannaviðtölum.

Að leita eftir vinnu í öðru landi er meira en bara að þýða ferilskránnu. Hér eru nokkur atriði sem þarf að hafa í huga.

RÁÐNINGASAMNINGAR & VINNUMHVERFI

Ráðningasamningur er vanalega bundinn lögum landsins sem dvalið er í, t.d. varðandi vinnuskilyrði, fjölda tíma, laun o.s.frv. Slíku getur verið öðruvísi háttað en í heimalandi þínu.

MEÐAL VINNUVIKA Í

EVROPU: 40 klukkustundir að meðaltali en getur verið allt upp í 48 tíma vinnuviku.

LÁGMARKS LAUN: Allt frá €332 á mánuði í Búlgaríu til €2.202 á mánuði í Lúxemborg. Fyrir önnur lönd, kíkið á Eurostat:



MUNNLEGUR EÐA SKRIFLEGUR SAMNINGUR?

Samningar eru ekki alltaf skriflegir. Í Búlgaríu verður samningur að vera skriflegur áður en starfsmaður hefur starf. Á Möltu hefur atvinnurekandi t.d. 8 daga til að gefa þér samninginn þinn en 2 mánuði í Svíþjóð. Okkar ráð: biðdu alltaf um skriflegan samning,

það kemur í veg fyrir misskilning og kemur sér vel, ef eitthvað kemur upp á, til að þinn réttur sé virtur. Til að koma í veg fyrir óvæntar uppkomur er oft betra að leita að störfum á opinberum starfamiðlunum hvers lands. Lestu meira um búsetu og atvinnuskilyrði í Evrópu

www.ec.europa.eu/eures Þú getur líka leitað upplýsinga hjá vinnumálastofnun landsins þíns.

FRAMFÆRSLU-KOSTNAÐUR



Þegar þú velur að vinna erlendis er mikilvægt að þú gerir þér grein fyrir framfærslukostnaði. Hann getur verið misjafn milli landa. Kostnaður eins og matarinnkaup, heilbrigðisþjónusta, öryggi og afþreying eru helstu atriðin til að hafa í huga, sérstaklega ef þú ert að reyna að spara.

Ef fjárhagurinn er takmarkaður, er sniðugt að bera saman laun og framfærslukostnað. Á vef EURES er hægt að bera saman mismunandi lönd. Kíktu á það!



VINNUMARKAÐUR

Það er mun erfiðara að fá atvinnu í löndum þar sem mikið atvinnuleysi er. Skoðaðu ástandið á vinnumarkaðnum áður en þú ferð af stað.

Hafðu einnig í huga að það getur jafnvel verið mikill munur milli svæða í landinu og það getur breyst hratt. Undirbúðu þig vel og skoðaðu t.d. EURES vefinn vel (Undirsíðan "Búseta og atvinna").

ÁRIÐ 2021

Fjórar atvinnugreinar eru í blóma vegna Covid-19 faraldursins: heilbrigðisþjónusta, vísindi, nýsköpun og upplýsingatækni.

Þau sem leita eftir störfum á þessum sviðum þurfa viðeigandi námsgráður og tungumálakunnáttu. Skoðaðu hvaða land er að leita eftir þinni kunnáttu, það gæti komið þér á óvart!

ÞEGAR EKKI ER FARALDUR...

Á sumrin er oft auðvelt að finna vinnu, þó reyndar sé hægt að finna störf í mörgum geirum allt árið. Ef fyrirhuguð er stutt dvöl getur verið sniðugt að skoða eftirfarandi atvinnugreinar:

FERÐAÞJÓNUSTA



Tjaldstæði, sumarhúsið, íþróttahúsið, skemmtigarðar og upplýsingamiðstöðvar, svo nokkur dæmi séu nefnd, leita oft að starfsfólki.

VEITINGASTAÐIR OG HÓTEL



Þetta er sá atvinnugeiri sem ræður mest af fólki, jafnvel þótt það sé reynslulítið. Barir, veitingastaðir, farfuglaheimili og hótél, ráða til sín barþjóna, fólk í móttöku, í þrif og fleira. til að geta boðið upp á sína þjónustu.

LANDBÚNAÐUR



Ertu með græna fingur? Skoðaðu á hvaða árstíma uppskerur eru og farðu erlendis að týna grænmeti og ávexti. Hafðu þó í huga að þessi reynsla er oft líkamlega erfið (þú gætir þurft að vinna 8-10 tíma á dag, 6 daga vikunnar). Þú gætir einnig unnið sem „woofer“ erlendis, þar sem þú færð fæði og húsnæði í stað launa.



10 GÓÐ RÁÐ

TIL AÐ FINNA VINNU

LEITA AÐ STARFI

- 1 VIRKJADU TENGSLANETIÐ. Talaðu við vini, kunningja, og kennara. Þau gætu þekkt einhvern sem vinnur erlendis og getur gefið þér góð ráð.
- 2 SKOÐADU ATVINNUGEIRA ÞAR SEM VANTAR STARFSFÓLK og passaðu að tungumálakunnátta þín sé næg.
- 3 SKOÐADU LÖND MEÐ LÍTIÐ ATVINNULEYSI. Það er auðveldara að finna vinnu í löndum með lítið atvinnuleysi.
- 4 TAKTU ÞÁTT Í RÁÐSTEFNUM eins og EURES Job Days til að hitta mögulega vinnuveitendur. Ef þú ert að leita að starfi á veitingastað eða í búð, prófaðu að fara og tala við eigendurnar... og ekki gleyma ferilskránni.
- 5 SKOÐADU INNLENDAR OG EVRÓPSKAR ÁÆTLANIR sem gætu styrkt verkefni sem þú hefur í huga!



AÐ SÆKJA UM

- 6 UNDIRBÚÐU FERILSKRÁNA í takt við þau lönd sem þig langar til. Gefðu upp tengiliðaupplýsingar og hvenær þú ert laus. Þú getur líka notað [EUROPASS](https://bit.ly/3r1mP6Z).
- 7 EF ÞÚ TALAR EKKI TUNGUMÁLIÐ vektu athygli á áhuga þínum og persónuleika. Þú getur líka tekið fram að þú munir fara í tungumálanám.
- 8 VEISTU EKKI HVERSU VEL ÞÚ TALAR MÁLIÐ? Engar áhyggjur, taktu stöðupróf og fáðu skírteini eða skoðaðu evrópska sjálfsmatsrammann fyrir tungumálafærni: <https://bit.ly/3r1mP6Z>
- 9 AÐLAGADU FERILSKRÁNA AÐ STARFINU SEM ÞÚ VILT. Notaðu lykilhugtök fyrirtækisins á ferilskránni og útskýrðu fyrri reynslu. Ef þú hefur enga fyrri starfsreynslu, leggðu áherslu á metnað þinn og reyndu að fá tengslanetið þitt til að styðja við þig.
- 10 LEGGDU ÁHERSLU Á AUKIÐ GILDI umsóknarinnar þinnar í samanburði við önnur ungmenni frá landinu. Hvaða reynslu býrð þú yfir?



UNDIRBÚNINGUR

GÓÐ RÁÐ TIL AÐ SKRIFA FERILSKRÁ



Í hverju landi fyrir sig geta verið mismunandi leiðir í ráðningaferlinu og jafnvel ólíkt útlit ferilskráa. Til að auðvelda þér lífið hefur verið útbúinn ókeypis evrópskur stuðningur á netinu til að búa til ferilskrá sem er notuð víðsvegar um álfuna, Europass. Kíktu á www.europass.eu til að sjá hvernig þú getur nýtt þér þetta tæki eða heyrðu í Europass tengiliðnum í þínu landi.

Þegar þú hefur útbúið góða ferilskrá eru nokkur grunnatriði sem þar til viðbótar: velja viðeigandi mynd af sér, lýsa reynslunni með orðalagi sem vinnuveitendur skilja og skrifa kurteislegan tölvupóst þegar ferilskráin og kynningarbréfið eru send. Mundu að lesa fyrirmælin vel, t.d. hvort þú eigir að fjalla um ákveðið málafni í bréfinu svo það fangi athygli áður en ferilskráin er skoðuð.

Ef þú minnst á góða reynslu af miðlun upplýsinga, útskýrðu

hvernig. Kanntu að skrifa fréttabréf, yfirlýsingar, texta á vefsíður o.s.frv.? Hvaða forrit hefurðu notað? Hvaða færni býrðu yfir, s.s. góðri ritfærni, reynslu af fyrirlestrum eða annað? Mikilvægt er að hafa textann skýran og hnitmiðaðan á sama tíma. Gott ráð er að skoða heimasíðu fyrirtækisins og skoða hvaða hugtök eru notuð þar.

HVAÐ ER FÆRNI OG HVERS VEGNA SKIPTIR HÚN MÁLI?

Færni er getan til að beita þekkingu á fullnægjandi hátt í skilgreindu samhengi í sérstöku vinnuumhverfi. Færni takmarkast ekki við vitræna færni (t.d. að þú vitir allt um loftlagsbreytingar), heldur nær færni einnig yfir hagnýta getu (eins og að kunna að mæla CO2 útblástur með sérstöku tæki), auk viðhorfa (m.a. að geta unnið í teymi). Með breyttum tímum eru vinnuveitendur oft að leita að fólki sem hefur mýkri færniþætti (e. soft skills) (t.d. fólk sem er skapandi og frumlegt).



AÐ VEKJA EFTIRTEKT

Með því að nota réttan orðaforða og skýrar lýsingar er markmið þitt að varpa ljósi á hvað þú kannt og hvernig þú hefur nýtt það í fyrri starfsreynslu. Ef þú segist hafa „reynslu af viðburðastjórnun“, getur það þýtt mismunandi hluti. Þú gætir hafa bókad staði, haft samband við fyrirlesara, útbúið áætlun eða kynnt viðburðinn á samfélagsmiðlum. Hvað gerðir þú nákvæmlega? Þetta mun hjálpa vinnuveitanda að bera þína fyrri reynslu saman við kröfur starfsins. Mög gott er að nota lykilorð úr starfslýsingunni, t.d. ef minnst er á „skipulag viðburða“, notaðu þetta hugtak og útskýrðu hvernig þú áttir við verkefnið. Ferilskráin þarf einnig að vera hnitmiðuð. Notaðu stutt orð þegar þú lýsir menntun og starfsreynslu. Það ætti að vera ljóst innan 15 sekúndna fyrir vinnuveitandann af hverju þín reynsla væri fullkomin í starfið. Síðast en ekki síst, farðu vel yfir ferilskrána áður en þú sendir hana inn.



europass

GULLNAR REGLUR

ÞEGAR SÓTT ER UM STÖRF

Hér eru nokkur atriði sem þarf að hafa í huga þegar sótt er um störf...

ÁÐUR

- Lestu auglýsinguna vel – passar reynslan þín við hana?
- Ef þú ákveður að sækja um, skoðuðu heimasíðu og samfélagsmiðla fyrirtækisins. Nærðu að átta þig á markmiði, tilgangi og gildum fyrirtækisins?
- Aðlagðu ferilskrána í samræmi við það.
- Skrifaðu kynningarbréf þar sem þú útskýrir hvata þinn til að sækja um þetta tiltekna starf og hvernig færnin þín passar.
- Sýndu að þú hefur unnið heimavinnuna þína um fyrirtækið.

- Notaðu vel valda mynd. Fáðu jafnvel vini þína til að gefa álit eða taka nýja.

Á MEÐAN

- Skrifaðu kurteisan og skýran tölvupóst þegar þú sendir ferilskrána og kynningarbréfið.
- Fylgdu leiðbeiningum, t.d. ef óskað er eftir sérstökum titli í efni póstsins.
- Geymdu ferilskrána og auglýsinguna um starfið til að skoða síðar.

EFTIR

- Þú getur minnt á þig einni viku eftir umsóknarfrestinn, nema ef sérstaklega er tekið fram að einungis verði haft samband við valda umsækjendur.

- Ef þú færð ekki starf, þrátt fyrir að passa í starfið, óskaðu eftir endurgjöf (e. feed-back) sem þú gætir nýtt þér til að undirbúa þig betur fyrir næstu umsókn.

- Ef þú verður fyrir valinu er tími til að undirbúa viðtalið! Kynntu þér vinnustaðinn enn betur, undirbúðu nokkrar spurningar eða tillögur um starfið (t.d. ef þú sækir um starf sem almannatengill, hvað finnst þér um samfélagsmiðla fyrirtækisins? Hvað væri hægt að bæta?)

- Það er líka hægt að finna fullt af ráðum á netinu!



GÓÐ RÁÐ

EUROPEAN
YOUTH | PORTAL

TIL AÐ FÁ

DRAUMASTARFIÐ

Ertu að reyna að komast á vinnumarkaðinn en veist ekki hvar þú ættir að leita? Það eru óteljandi tækifæri um alla Evrópu, sjáðu hvernig þú getur fundið þau!

UNDIRBÚÐU AÐ SENDA UMSÓKNINA

Að leita að vinnu getur verið yfirþyrmandi verkefni, en ef þú undirbýrð þig vel áður en þú sækir um virkar það auðveldara! Áður en þú færð starf getur verið gott í að skoða hvort þú hafir tekið eftirfarandi skref til að auka möguleika þína.



1

**Aðlagðu ferilskrá
að starfinu sem þú
vilt**

Þegar þú hefur fundið starfið sem þig langar í, seldu hugmyndina um þig eins vel og þú getur! T.d. ef þú sækir um starf í blaðamennsku, leggðu áherslu á listrænu hliðina af reynslu þinni. Almennar ferilskrár gefa ekki nógu vel til kynna að færnin passi við það sem leitað er að, láttu ferilskrána þína passa fyrir starfið.



2

**Uppfærðu
samfélagsmiðlana þína**

Það getur stundum verið gott að vera með LinkedIn aðganginn uppfærðan. Samfélagsmiðlafærslur geta líka sýnt metnað þinn fyrir þann vettvang sem þú ert að sækja um starf hjá. Hafðu í huga hvort einhver hluti þinna samfélagsmiðla sé opinn sem þú vildir síður að framtíðar vinnuveitendur skoði og lokaðu honum eða takmarkaðu aðgengi ef þörf er á.



3

**Kynntu þér
fyrirtækið**

Á meðan þú ert að bíða eftir svari, kynntu þér fyrirtækið eða stofnunina, og núverandi verkefni hennar. Ímyndaðu þér hvernig þú gætir bætt þau. Þetta sýnir áhuga þinn og vilja til að vinna hjá fyrirtækinu sem þú sækir um hjá!

4

Hafðu samband

Ekki óttast að hafa samband og spyrja hvernig umsóknarferlið gangi, það getur verið merki um áhuga og hvatningu til að hefja störf!




5

**Hvar á að finna
vinnu?**

Í heimalandi þínu getur þú haft samband við vinnumálastofnun eða vinnumiðlun til að fá stuðning við að leita.

Ef þú hefur áhuga á að vinna erlendis, kíktu á EURES vefinn. Þar geturðu farið á rafrænu ráðstefnuna EURES Job Days, sem tengir saman atvinnuleitendur og vinnuveitendur. Þar finnurðu ekki einungis atvinnutækifæri heldur einnig góð ráð og praktískar upplýsingar. Ef þú ert að leita að tækifæri til að komast í starfsnám eða þjálfun þá geturðu skoðað tækifærisgáttina **Eurodesk Opportunity Finder**. Allar þessar upplýsingaveitur eru uppfærðar reglulega og sýna laus störf um alla Evrópu!

**Heimildir: Evrópska
ungmennagáttin**





ALLT ÞETTA UNDIRBÚNINGSDÓT SEM ÞARF AÐ PLANA FRAM Í TÍMANN



• **Skilríki og vegabréf** – Ef þú ert ríkisborgari í evrópsku landi (EES/EFTA) þarftu ekki að sýna skilríki eða vegabréf þegar þú ferð yfir landamæri milli tveggja Schengen landa. Það er hins vegar alltaf mælt með því að taka vegabréf og skilríki með sér, til að sanna hver maður er ef þarf. Schengen löndin geta verið með mismunandi reglur um hvers konar skilríki ber að hafa meðferðis á meðan dvölinni stendur. Ef þú ferðast út fyrir Schengen svæðið, passaðu að skoða hvaða reglur eiga við um þig. Nánari upplýsingar:

<https://bit.ly/2OAvpfm>

Lönd í Schengen samstarfinu eru: Austurríki, Belgía, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Ísland, Ítalía, Lettland, Liechtenstein, Litháen, Lúxemborg, Malta, Noregur, Pólland, Portúgal, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Sviss, Svíþjóð, Tékkland, Ungverjaland, Þýskaland.



• **Atvinnuleyfi og áritanir** – Reglur EES samningsins tryggja frjálst flæði fólks milli landa, og fylgja réttindi fólks í löndunum þar með, svo þú hefur sömu réttindi og atvinnumöguleika og innlendir. Ef þú ætlar að starfa utan EES, athugaðu þá hvort þú þurfir atvinnuleyfi og hvernig hægt er að fá það. Ef þú veikist eða slasast í einhverju af Evrópusambandslöndunum, á Íslandi, í Liechtenstein, í Noregi eða Sviss, tryggja samræmdar almannatryggingar þér réttinn til nauðsynlegrar meðhöndlunar ef þú hefur evrópska sjúkratryggingakortið meðferðis. Ef þú ferðast út fyrir þessi lönd, þarftu að kaupa sjúkratryggingu. Nánari upplýsingar:

<https://bit.ly/3dgmWbt>

• **Húsnæði**  Það getur verið snúið að finna húsnæði og er lykillinn að gefa sér nægan fyrirvara og tíma í það. Hvar og hvernig þú finnur húsnæði fer eftir landinu og borginni sem þú flytur til, svo það er best að fá svæðisbundnar upplýsingar.

• **Bankareikningar**  Ef þú hefur löglega búsetu í EES/ESB landi áttu rétt á að opna launareikning í banka. Áður en þú opnar reikninginn, á bankinn að sýna þér skjal með upplýsingum um allar helstu þjónustur sem hann veitir og mögulegan kostnað sem þú gætir þurft að borga. Þú getur borið þetta kostnaðarskjal saman við þjónustur annarra banka. Sumir bankar óska eftir að þú sannir búsetu þína til að opna reikning. Nánari upplýsingar:

<https://bit.ly/3rZMzRY>



• **Samgöngur og ökuskrirteini** – Ef þú flytur til annars lands í Evrópu þarft þú yfirleitt ekki að skipta ökuskrirteininu þínu út. Það er best að athuga hver lögin eru á hverjum stað. Ef þú flytur út fyrir Evrópu þá verðurðu að athuga reglurnar í landinu sem þú flytur til. Meira um lög varðandi ökuskrirteini í ESB löndunum:

<https://bit.ly/2Zo7GBa>

• **Samfélög innflytjenda** – Þú ert líklega ekki eini útlendingurinn í nýju borginni þinni. Finna má fjölmarga hópa fyrir fólk sem býr fyrir utan heimalandið sem gætu gefið góð ráð varðandi húsnæði, atvinnu, húsgögn, viðburði eins og **Just Landed** eða **InterNations**. Þú gætir líka fundið svoleiðis hópa á Facebook eða öðrum miðlum, leitaðu bara að borginni sem þú býrð í.



• **Prófskrirteini** – Þú gætir viljað fá námsgráðuna þína metna í öðru landi. Til að auðvelda þetta er til samevrópskt kerfi sem metur einingar sem fengnar eru í mismunandi löndum: **ECTS** fyrir háskólanám og **ECVET** fyrir iðnnám og þjálfun. Þetta eru í raun tæki til að meta gráður, en það er engin sjálfkrafa viðurkenning á námsgráðum milli landa. Þú munt þurfa að fara í gegnum staðbundið verklag til að fá gráðuna þína eða prófskrirteinið viðurkennt í öðru ríki Evrópu.

Til að gera þetta, hafðu samband við **ENIC/NARIC skrifstofuna** í landinu þar sem þú vilt fá gráðuna metna „til samanburðar“. Þetta gæti verið í heimalandinu þínu ef þú snýrð aftur eftir nám erlendis eða í öðru ríki Evrópu ef þú flytur þangað til að vinna eða stunda frekara nám.





BÆKLINGUR FYRIR UNGT FÓLK SEM LANGAR
AÐ VINNA ERLendis OG UPPLIFA EITTHVAÐ
NÝTT

eurodesk



Erasmus+

Bæklingur þessi er gefinn út með styrk frá Erasmus+ áætlun ESB.
Útgáfan endurspeglar eingöngu afstöðu höfunda og framkvæmdarstjórn ESB ber
enga ábyrgð á því hvernig upplýsingar úr henni eru nýttar.